

Sp. 542. Tillaga til þingsályktunar [283. mál]
um greiðslukort.

Flm.: Jón Magnússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um greiðslukort og starfsemi greiðslukortafyrirtækja.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar er flutt vegna þess að notkun greiðslukorta (kreditkorta) gerist æ algengari og engin heildarlöggjöf tekur til notkunar þeirra. Skortur á löggjöf í þessu efni getur valdið réttaróvissu og þau skilyrði og skilmálar, sem nú gilda um greiðslukort, eru sett einhliða af þeim greiðslukortafyrirtækjum sem hér eru starfandi. Reglur, sem greiðslukortafyrirtækin starfa eftir, eru í öllum aðalatriðum samræmd á milli þeirra, en kaupmenn og neytendur hafa ekki verið spurðir álit. Aukin óvissa meðal ýmissa þjóðfélagshópa um þær þjóðfélagslegu afleiðingar, sem aukin notkun greiðslukorta getur haft, og áhrif notkunar þeirra á vöruverð í landinu gerir enn brýnna að sett sé löggjöf um notkun þeirra og starfsemi greiðslukortafyrirtækja.